

## Starfsreglur nemendaverndarráðs Reykholaskóla

Starfsreglur nemendaverndarráða við Reykholaskóla er í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 584/2010.

Reglurnar taka gildi frá 1. febrúar 2017 og gilda þar til nýjar reglur hafa verið samþykktar.

Starfsreglurnar skiptast í fimm þætti, þ.e. hlutverk, skipan, fundi, málavísan og málsafgreiðslu nemendaverndarráðs hvers grunnskóla sem hér segir:

### Hlutverk nemendaverndarráðs:

Meginhlutverk nemendaverndarráðs er að gæta hagsmuna barna í skólanum, vernda þau og styðja með því að:

- ✓ Taka við öllum tilvísunum vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning eða aðstoð vegna líkamlegra, félagslegra og/eða sálrænna erfiðleika.
- ✓ Samræma og samhæfa þjónustu skólans við nemendur sem eiga við náms- og/eða tilfinningalega örðugleika að etja.
- ✓ Meta þörf nemenda fyrir greiningu sérfræðinga (sálfræðinga, talmeinafræðinga, sérkennara o.fl.) vegna náms-, tilfinninga- og/eða þroskavanda og samþykkja að gerð tilvísunar þar sem það á við.
- ✓ Ræða málefni nemenda sem þarfnast sértækra úrræða eins og sjúkrakennslu eða tilvísanir til sérfræðinga sem ekki tilheyra stoð-/sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- ✓ Vísa málefnum einstakra nemenda til frekari úrlausnar.
- ✓ Vinna og afgreiða tilkynningar og aðrar upplýsingar til barnaverndaryfirvalda í samræmi við skyldur vegna barnalaga og barnaverndarlaga.
- ✓ Vera tengiliður og til samráðs vegna einstakra nemenda við aðila utan skólans, svo sem félagsþjónustu, heilsugæslu, BUGL o.fl.

### Seta í nemendaverndarráði:

- ✓ Í nemendaverndarráði skóla skulu vera skólastjóri, fulltrúi sérkennslumála, félagsmálustjóri Stranda og Reykholahrepps og skólahjúkrunarfræðingur.
- ✓ Fundarfært er í nemendaverndarráði ef 3/4 af föstum fulltrúum þess eða fleiri mæta á fund. Heimilt er að kalla aðra inn á fundi ráðsins til að ræða einstök mál, s.s. umsjónarkennara, utanaðkomandi sérfræðinga og foreldra.

### Um nemendaverndarráðsfundi:

- ✓ Nemendaverndarráð hefur fastan fundartíma og fundir eru á sex vikna fresti.
- ✓ Skytt er að boða til fundar í ráðinu innan viku æski tveir fulltrúar ráðsins þess.
- ✓ Skólastjóri, eða fulltrúi hans, undirbýr fundi nemendaverndarráðs og ákveður dagskrá.

- ✓ Skólastjóri, eða fulltrúi hans, ákveður hver stýrir fundum ráðsins.
- ✓ Skrá skal í fundargerð öll mál sem berast ráðinu, allar ákvarðanir og ábyrgð með framkvæmd þeirra. Fundargerð er varðveitt sem trúnaðargagn á ábyrgð skólastjóra.
- ✓ Á hverjum fundi skal fara yfir fundargerð síðasta fundar.

#### Vísan mála:

- ✓ Nemendaverndarráð fjallar um mál nemenda skólans sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika og vísað er til ráðsins:
- ✓ Starfsfólk skóla og foreldrar geta óskað eftir því við skólastjóra (eða fulltrúa hans í ráðinu) að mál nemenda eða nemendahópa í skólanum séu tekin fyrir.
- ✓ Að jafnaði skal upplýsa foreldra bréflaga (tölvupóstur, bréfpóstur) um að máli barns þeirra hafi verið vísað til ráðsins.

#### Afgreiðsla mála:

- ✓ Við afgreiðslu mála í ráðunu er hagur barna hafður að leiðarljósi og gætt jafnræðis og meðalhófs í samræmi við lög.
- ✓ Nemendaverndarráð ákveður hvort leita þurfi frekari gagna, hvort máli er vísað til sérfræðipjónustu sveitarfélags eða hvaða aðrar leiðir skuli fara við úrlausn máls. Ráðið felur einum aðila úr ráðinu að fylgja eftir úrlausn hvers máls.
- ✓ Fulltrúar í nemendaverndarráði eru bundir þagnarskyldu um allt er varðar persónuupplýsingar um skjólstæðinga ráðsins. Þagnarskylda nær ekki til atvika sem ber að tilkynna lögum samkvæmt og eru réttþærri en þagnarskylduákvæði.
- ✓ Tilkynna skal þeim er vísar máli til nemendaverndaráðs, og eftir atvikum foreldrum, um afgreiðslu þess.

Reglur þessar voru samþykktar á  
nemendaverndarráðsfundi 15. desember 2016

---

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri

---

Áslaug Guttormsdóttir, fulltr. Sérk

---

María Játvarðardóttir, félagsmst.

---

Helga Garðarsdóttir, skólahjúkrunar.